

From: Jóna Björk Guðnadóttir
Sent: Tuesday, December 04, 2012 04:55 PM
To: 'eygloha@althingi.is' <eygloha@althingi.is>; 'gudlaugurthor@althingi.is' <gudlaugurthor@althingi.is>; 'gudlaugurthor@althingi.is' <gudlaugurthor@althingi.is>; 'helgih@althingi.is' <helgih@althingi.is>; 'jb@althingi.is' <jb@althingi.is>; 'lrm@althingi.is' <lrm@althingi.is>; 'liljam@althingi.is' <liljam@althingi.is>; 'magnusorri@althingi.is' <magnusorri@althingi.is>; 'petur@althingi.is' <petur@althingi.is>; 'skulih@althingi.is' <skulih@althingi.is>
Subject: Vegna neytendalánafrumvarps - frá SFF

Til efnahags- og viðskiptanefndar

Fyrir hönd SFF sendi ég efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis nokkrar línur vegna neytendalánafrumvarpsins sem er á dagskrá nefndarinnar 6. desember næstkomandi.

Fulltrúi SFF hefur átt sæti í nefnd atvinnuvegaráðuneytisins sem samdi umrætt frumvarp. SFF hafa farið yfir minnisblað nefndarinnar til efnahags- og viðskiptanefndar dags. 27.11. 2012 þar sem gerðar eru tillögur um hvernig skuli bregðast við umsögnum um frumvarpið. SFF vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við tvö atriði í minnisblaðinu er snúa að hagsmunum neytenda:

1. 10 gr. bann við lántöku

Óheimilt er að veita lántaka lán ef mat á lánshæfi eða greiðslumat leiðir í ljós að hann hafi augljóslega ekki fjárhagslega burði til þess að standa í skilum með lánið. Víkja má frá ákvæði þessu ef virði veða eða annarra trygginga sem lánveitandi leggur fram er meira á þeim tíma er lánið er veitt en heildarfjárhæð láns enda sé lántaki upplýstur um mat lánveitanda.

Ef þetta verður niðurstaðan verða áhrif á lánveitingar til námsmanna þau sömu og voru í upphaflega frumvarpinu, þ.e. bankar myndu synja þeim um fyrirgreiðslu enda gætu þeir ekki tekið lánsloforð frá LÍN, sem byggir á ákveðnum forsendum, sem tryggingu fyrir greiðslu. Það sama á við um tekjulága einstaklinga sem hafa góða viðskiptasögu hjá fjármálafyrirtækjum þrátt fyrir ónóga greiðslugetu skv. niðurstöðum greiðslumats.

SFF minna á minnisblað Landsbankans sem sent var efnahags- og viðskiptanefnd um málefni námsmanna eftir nefndarfund sem SFF mættu á.

SFF leggja til að ákvæðið falli brott eða gerð verði sérstök undantekning varðandi námsmenn t.d. á þessa leið (viðbót er undirstrikuð): *Óheimilt er að veita lántaka lán ef mat á lánshæfi eða greiðslumat leiðir í ljós að hann hafi augljóslega ekki fjárhagslega burði til þess að standa í skilum með lánið. Víkja má frá ákvæði þessu ef virði veða eða annarra trygginga sem lánveitandi leggur fram er meira á þeim tíma er lánið er veitt en heildarfjárhæð láns enda sé lántaki upplýstur um mat lánveitanda. Einnig er heimilt að víkja frá þessu ákvæði ef um er að ræða lánveitingu gegn lánsloforði frá LÍN. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd lánveitinga á grundvelli lánsloforðs frá LÍN í regluverð.*

2. Fjárhæðamörk

Í minnisblaðinu er lagt til að bætt verði við greinina ákvæði þar sem fram kemur að greiðslumeta skuli ef samanlögð fjárhæð lánssamninga milli aðila fer yfir 3.000.000 kr. hjá einstaklingi og 6.000.000 kr. hjá hjónum eða sambúðarfólki.

SFF skilja þetta svo að ávallt skuli framkvæma mat á greiðslugetu ef:

a. Einstök fyrirgreiðsla er \geq 1.000.000 kr. til einstaklinga eða \geq 2.000.000 kr. til hjóna/sambúðarfólks.

b. Heildarskuldbinding er $\geq 3.000.000$ kr. til einstaklinga eða $\geq 6.000.000$ kr. til hjóna/sambúðarfólks sama hver lánsfjárhæðin er.

Dæmi: Hjón sem skulda fjármálastofnun 10 m.kr. í formi íbúðaláns og óska eftir 100.000 kr. yfirdrætti/kreditkortheimild þurfa að fara í greiðslumat óháð viðskiptasögu.

Með þessari breytingu er búið að setja strangari skilyrði um framkvæmd greiðslumats en frumvarpið gerði áður ráð fyrir og þyrfti að framkvæma greiðslumöt í mun fleiri tilvikum en áður var talið. SFF hafa áhyggjur af þessu og ítreka því tillögu sína sem sett var fram í umsögn SFF um frumvarpið um að miðað verði við 2,5 milljónir fyrir einstaklinga og 5 milljónir fyrir hjón fyrir einstaka lánveitingu.

SFF eru reiðubúin að svara fyrirspurnum eða mæta á fund nefndarinnar vegna málsins ef eftir því verður óskað.

Með kærri kveðju, Jóna Björk



Kær kveðja,

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Samtök fjármálafyrirtækja
Sími 591 0400 · Fax 591 0419
jona@sff.is - www.sff.is